# Fundargerð 263. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

**Fundarstaður:** Fundarsalur Þingborg
**Fundardagur:** þriðjudagur 31. maí 2022
**Fundartími:** 9:00 – 11:20
**Fundarmenn:** Árni Eiríksson
Hulda Kristjánsdóttir
Walter Fannar Kristjánsson
Sigurjón Andrésson
Harpa Magnúsdóttir
Sigrun Hrefna Arnardóttir undir liðum 3 a) 3 b) og 14 b)
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

***Dagskrá:***

1. **Setning fundar – ný sveitarstjórn**
Niðurstöður sveitarstjórnarkosninga 2022 - 2026 – upplýsingar frá kjörstjórn Flóahrepps:
Í sveitarstjórn Flóahrepps 2022 – 2026 voru kjörin Árni Eiríksson, Hulda Kristjánsdóttir og Walter Fannar Kristjánsson fyrir I lista og Sigurjón Andrésson og Harpa Magnúsdóttir fyrir T lista. Varamenn voru kjörin Sigrún Hrefna Arnardóttir, Haraldur Einarsson og Helena Hólm fyrir I lista og Elín Höskuldsdóttir og Hjalti Guðmundsson fyrir T lista.
Lengsta setu í sveitarstjórn á Árni Eiríksson sem setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Við áður boðaða dagskrá bætast við fundargerð skipulagsnefndar mál a) Syðri-Gróf 1 L166372; Syðri-Gróf Rimi L166419; Stofnun og stækkun lóða – 2205042.
Einnig bætist við liðurinn Önnur mál: Árangur Flóaskóla í skólahreysti 2022.
Eydís Þ. Indriðadóttir ritaði fundargerð.
2. **Kosning oddvita og varaoddvita 2022 – 2026**
Oddviti Flóahrepps 2022 var kjörinn Árni Eiríksson
Samþykkt með 5 atkvæðum.
Varaoddviti var kjörinn Walter Fannar Kristjánsson.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
3. **Laun og ráðning oddvita og sveitarstjóra 2022 – 2026**
a) Laun og ráðning oddvita
Árni Eiríksson víkur sæti við afgreiðslu þessa liðar og fyrsti varamaður Sigrún Hrefna Arnardóttir tekur sæti í hans stað.
Lögð fram tillaga um ráðningu oddvita í 45 % starf frá og með 1. júní 2022.
Bókun T lista:
Vísað er til stefnuskrár listans og áherslu listans fyrir kosningar um einföldun og sparnað í skipuriti sveitarfélagsins og sitjum því hjá við atkvæðagreiðsluna.
S.A. og H.M.
Fulltrúar I lista telja að þetta starfshlutfall sé í samræmi við verkefni og skyldur oddvita. Hlutfallið er lægra eða sambærilegt en víða í nágrannasveitarfélögum miðað við sambærileg verkefni.
W.F.K., H.K. og S.H.A.
Tillagan borin upp og samþykkt með 3 atkvæðum.
Launakjör oddvita Flóahrepps 2022 - 2026
Lögð er fram tillaga um eftirfarandi launakjör oddvita Flóahrepps 2022 - 2026:
Oddviti sveitarstjórnar fái greidd 602.632 kr í mánaðarlaun.
Gsm sími oddvita ásamt heima nettengingu verði greiddur af sveitarsjóði.
Akstur verður greiddur samkvæmt akstursdagbók samkvæmt taxta RSK hverju sinni.
Laun oddvita taki breytingum 1. nóvember ár hvert samkvæmt breytingum á launavísitölu.
Samþykkt með 3 atkvæðum.
Árni Eiríksson tekur aftur sæti á fundinum.
b) Laun og ráðning sveitarstjóra

Hulda Kristjánsdóttir víkur sæti við afgreiðslu þessa liðar og fyrsti varamaður Sigrún Hrefna Arnardóttir tekur sæti hennar.
Lögð fram tillaga um ráðningu Huldu Kristjánsdóttur í stöðu sveitarstjóra í Flóahreppi frá og með 15. júlí 2022.
Samþykkt með 5 atkvæðum og oddvita falið að ganga frá ráðningarsamningi.
Launakjör sveitarstjóra Flóahrepps 2022 – 2026
Lögð er fram tillaga um eftirfarandi launakjör sveitarstjóra:
Sveitarstjóri fái 1.439.041 kr. í mánaðarlaun.
Gsm sími sveitarstjóra ásamt heima nettengingu verði greiddur af sveitarsjóði.
Akstur verður greiddur samkvæmt akstursdagbók samkvæmt taxta RSK hverju sinni.
Laun sveitarstjóra taki breytingum 1. nóvember ár hvert samkvæmt breytingum á launavísitölu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Hulda Kristjánsdóttir tekur aftur sæti á fundinum.

**4. Erindi frá XT lista – tillaga um að XT fái nefndarformennsku i einni nefnd**

Lagt fram erindi frá XT lista um að XT fái formennsku í einni af nefndum sveitarfélagsins. XT telur niðurstöðu kosninga þess eðlis að minnihlutinn ætti að taka formennsku í a.m.k. einni nefnd eins og víða er í stærri sveitarfélögum. Það sé auk þess leið til þess að virkja þekkingu og reynslu sveitarstjórnarfulltrúa XT ásamt því að leggja grunn að farsælu samstarfi listanna.
Fulltrúar I lista telja að formennska tilheyri þeim verkefnum og þeirri ábyrgð sem meirihluti sveitarfélagsins tekst á hendur. Mikil reynsla hefur safnast í gegnum árin sem gott er að nýta. Lögð er áhersla á að nefndirnar starfi vel saman og að allir fulltrúar finni að þeir eigi bakland í stjórnsýslunni.
Tillagan lögð fram til atkvæðagreiðslu og henni synjað með 3 atkvæðum.

**5. Erindi frá XT lista – tillaga um að „landbúnaðar- og atvinnumálanefnd“ verði „atvinnu- og nýsköpunarnefnd“**

Fulltrúar I lista lýsa yfir ánægju með efnislegt innihald þessa erindis. Það fellur vel að þeim áherslum sem sveitarstjórn vill leggja með skipan í nefndina og breytingu á hlutverki atvinnu og umhverfisnefndar frá fyrra kjörtímabili. Óskað er eftir því að nefndin taki tillit til þess við gerð á erindisbréfi nefndarinnar. Tekið er undir það hversu mikilvægt hlutverk nefndarinnar er og mikilvægt að mörkuð sé stefna til framtíðar í atvinnumálum sveitarfélagsins. Mikilvægt er að þessi stefna liggi fyrir við endurskoðun á aðalskipulagi Flóahrepps.
Fulltrúar XT benda á að óheppilegt sé að nefndin beri heiti einnar atvinnugreinar frekar en annarrar og taki ekki meira tillit til nýsköpunar. Sveitarfélagið er vel í sveit sett og í náinni framtíð munu fjölbreytt atvinnufyrirtæki leita inn á svæðið og skapa atvinnutækifæri. Þess vegna er áríðandi nú sem aldrei fyrr að marka skýra stefnu til framtíðar um uppbyggingu atvinnulífs hér í Flóahreppi.
Tillagan lögð fram til atkvæðagreiðslu og henni synjað með 3 atkvæðum. Ekki er fallist á að nafni nefndarinnar verði breytt

**6. Erindi frá XT lista – tillaga um útsendingu funda í beinu streymi**

Lögð fram tillaga frá XT lista þar sem óskað er eftir því að fundir sveitarstjórnar verið sendir út í beinu streymi. Sveitarstjórn Flóahrepps mun leggja áherslu á opna stjórnsýslu í öllum verkum eins og lög leyfa hverju sinni. Samþykkt að færa fundi sveitarstjórnarinnar nær íbúum sveitarfélagsins með opnu streymi frá sveitarstjórnarfundum. Útsendingar frá sveitarstjórnarfundum munu hefjast að lokinni endurskoðun á samþykktum sveitarfélagsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**7. Samþykktir Flóahrepps**

Eftirtaldar greinar þarfnast endurskoðunar:

**Grein nr. 8 um fundi sveitarstjórnar.**

Var:

*„Sveitarstjórn Flóahrepps heldur reglulega fundi sveitarstjórnar í Þingborg, fyrsta þriðjudag hvers mánaðar kl. 9:00.*
*Sveitarstjórnarfundi er heimilt að halda með rafrænum hætti þannig að hluti sveitarstjórnarfulltrúa eða allir taki þátt með rafrænum hætti.*

*Aukafundi skal halda þegar oddviti eða sveitarstjóri telur það nauðsynlegt eða ef þriðjungur sveitarstjórnarfulltrúa óskar þess.*
*Sveitarstjórn Flóahrepps er heimilt að fella niður reglulegan fund sinn, enda sé tillaga um slíkt samþykkt mótatkvæðalaust á næsta fundi sveitarstjórnar á undan.*
*Sveitarstjórn Flóahrepps er heimilt að fella niður reglulega fundi sveitarstjórnar vegna sumarleyfis."*
Verður:
Sveitarstjórn Flóahrepps heldur reglulega fundi sveitarstjórnar í Þingborg, fyrsta *og þriðja* þriðjudag hvers mánaðar kl. 9:00. Sveitarstjórnarfundi er heimilt að halda með rafrænum hætti þannig að hluti sveitarstjórnarfulltrúa eða allir taki þátt með rafrænum hætti. *Fundir sveitarstjórnar eru sendir út í beinu streymi.*
Aukafundi skal halda þegar oddviti eða sveitarstjóri telur það nauðsynlegt eða ef þriðjungur sveitarstjórnarfulltrúa óskar þess.
Sveitarstjórn Flóahrepps er heimilt að fella niður reglulegan fund sinn, enda sé tillaga um slíkt samþykkt mótatkvæðalaust á næsta fundi sveitarstjórnar á undan.
Sveitarstjórn Flóahrepps er heimilt að fella niður reglulega fundi sveitarstjórnar vegna sumarleyfis.

**Grein 12. Opnir fundir sveitarstjórnar**
Var:
„Fundir sveitarstjórnar eru opnir, en heimilt er að ákveða að einstök mál skuli rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis máls. Oddviti eða sveitarstjórn getur jafnframt ákveðið að ræða fyrir luktum dyrum tillögu um lokun fundar.
Þrátt fyrir að fundi sé lokað er heimilt að ákveða að tilteknir starfsmenn sveitarfélags séu viðstaddir."
Verður:
Fundir sveitarstjórnar eru opnir *og sendir út í beinu streymi*, en heimilt er að ákveða að einstök mál skuli rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis máls. Oddviti eða sveitarstjórn getur jafnframt ákveðið að ræða fyrir luktum dyrum tillögu um lokun fundar.
Þrátt fyrir að fundi sé lokað er heimilt að ákveða að tilteknir starfsmenn sveitarfélags séu viðstaddir.

**Grein 41. B. um nefndir og ráð**
Grein 41. B. 2
Var:
*Atvinnu- og umhverfisnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera sveitarstjórn til ráðuneytis í atvinnu-ferða-og umhverfismálum og hafa frumkvæði að tillögugerð á því sviði til sveitarstjórnar. Nefndin skal einnig fara með samgöngumál og vera sveitarstjórn til ráðgjafar um úrbætur og nýframkvæmdir í umferðar- og samgöngumálum. (*Sjá einnig VIÐAUKA sem staðfestur er af Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti dags. 30.12.2020, um hlutverk nefndar þegar sveitarfélagið sjálft er framkvæmdaraðili sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 með síðari breytingum)*

Verður:
*Umhverfis- og samgöngunefnd:* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.

Nefndin skal vera sveitarstjórn til ráðuneytis í umhverfis- samgöngumálum og vera til ráðgjafar um úrbætur og nýframkvæmdir í umferðar- og samgöngumálum. Umhverfisnefnd er falið að taka fullnaðarákvörðun um matsskyldu framkvæmdar þegar sveitarfélagið sjálft er framkvæmdaraðili, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 með síðari breytingum.
Óski aðili frekari rökstuðnings við afgreiðslu umhverfis- og samgöngunefndar eða kemur á framfæri kvörtun skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, meðal annars um heimild til að óska eftir endurupptöku máls í nefndinni með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga. Telji umhverfis- og samgöngunefnd að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal nefndin taka

málið upp að nýju. Þá skal aðila leiðbeint um rétt sinn til að skjóta afgreiðslu nefndarinnar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan tiltekins frests, sbr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.
Grein 41. B. 3.
Var:
*Æskulýðs- og tómstundanefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera sveitarstjórn til ráðuneytis í æskulýðs- og tómstundamálum og hafa frumkvæði að tillögugerð á því sviði til sveitarstjórnar.
Verður:
*Íþrótta-æskulýðs- og menningarnefnd. 5 aðalmenn og jafnmargir til vara.*
Nefndin skal vera sveitarstjórn til ráðuneytis í æskulýðs- og tómstundamálum og hafa frumkvæði að tillögugerð á því sviði til sveitarstjórnar. Nefndin skal vera sveitarstjórn til ráðuneytis í menningarmálum og hafa frumkvæði að tillögugerð á því sviði til sveitarstjórnar og hafa umsjón með menningarviðburðum.
Grein 41.B.3
Var:
*Menningarnefnd Flóahrepps:* Þrír fulltrúar og þrír til vara. Nefndin er sveitarstjórn til ráðuneytis í menningarmálum og hefur frumkvæði að tillögugerð á því sviði til sveitarstjórnar og hefur umsjón með menningarviðburðum.
Verður:
Landbúnaðar- og atvinnumálanefnd. 3 aðalmenn og 3 til vara.
Nefndin skal vera sveitarstjórn til ráðuneytis í atvinnumálum og hafa frumkvæði að tillögugerð á því sviði til sveitarstjórnar.
Ofangreindar breytingar bornar undir atkvæði og samþykktar með 5 atkvæðum.

8. **Nefndarskipan í Flóahreppi 2022 – 2026**

**Kjörstjórn Flóahrepps**
**Aðalmenn:**
Ólafur Þórarinsson formaður
Rannveig Árnadóttir
Fulltrúa vantar frá XT lista
**Varamenn:**
Baldur Sveinsson
Hafsteina Sigurbjörnsdóttir
Fulltrúa vantar frá XT lista
Skipun í kjörstjórn frestað til næsta fundar.

**Fræðslunefnd Flóahrepps**
**Aðalmenn:**
Bjarni Stefánsson formaður
Margrét Drífa Guðmundsdóttir
Axel Páll Einarsson
Anný Ingimarsdóttir
Snædís Mjöll Kristjánsdóttir
**Varamenn:**
Mareike Schacht
Jakob Nielsen Kristjánsson
Inga Dröfn Sváfnisdóttir
Sævar Örn Sigurvinsson
Karólína Alma Jónsdóttir

**Umhverfis- og samgöngunefnd**
**Aðalmenn:**
Ingunn Jónsdóttir formaður
Helgi Sigurðsson
Helena Hólm
Svanhvít Hermannsdóttir
Halla Kjartansdóttir

**Varamenn:**
Iðunn Ýr Ásgeirsdóttir
Sveinn Orri Einarsson
Haraldur Einarsson
Anný Ingimarsdóttir
Súsanna Torfadóttir
**Íþrótta-æskulýðs- og menningarnefnd**
**Aðalmenn:**
Sigrún Hrefna Arnardóttir formaður
Rúnar Magnússon
Sigurður Ingi Sigurðsson
Harpa Magnúsdóttir
Agnes Björg Birgisdóttir
**Varamenn:**
Oddný Ása Ingjaldsdóttir
Hafdís Gígja Björnsdóttir
Axel Páll Einarsson
Páll S. Pálsson
Anný Ingimarsdóttir
**Landbúnaðar- og atvinnumálanefnd**
**Aðalmenn:**
Stefán Geirsson formaður
Guðmundur Bjarnason
Sigurjón Andrésson
**Varamenn:**
Sveinn Orri Einarsson
Margrét Jónsdóttir
Hjalti Guðmundsson
**Framkvæmda- og veitunefnd**
Haraldur Einarsson formaður
Heimir Rafn Bjarkason
Hjalti Guðmundsson
**Varamenn:**
Sveinn Orri Einarsson
Reynir Þór Jónsson
Ragnar Finnur Sigurðsson
**Fulltrúar Flóahrepps á aðalfund afréttamálafélags Flóa og Skeiða**
**Aðalmenn:**
Þorsteinn Logi Einarsson
Jón Gunnþór Þorsteinsson
Einar Magnússon
Skeggi Gunnarsson
**Varamenn.**
Ingibjörg Einarsdóttir
Reynir Þór Jónsson
Harpa Magnúsdóttir
Sigurjón Andrésson
**Skólaþjónustu- og velferðarnefnd**
**Aðalmaður:**
Sigurbára Rúnarsdóttir
**Varamaður**
Helena Hólm
**Nefnd oddvita og sveitarstjóra - NOS**
**Aðalmaður:**
Hulda Kristjánsdóttir

**Varamaður:**
Árni Eiríksson
**Seyrustjórn**
**Aðalmaður:**
Árni Eiríksson
**Varamaður:**
Walter Fannar Kristjánsson
**Fulltrúi í Héraðsnefnd Árnesinga**
**Aðalmaður:**
Árni Eiríksson
**Varamaður:**
Walter Fannar Kristjánsson
**Áheyrnarfulltrúi T lista**
**Aðalmaður**
Sigurjón Andrésson
**Varamaður**
Harpa Magnúsdóttir
**Fulltrúi á Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga**
**Aðalmaður:**
Árni Eiríksson
**Varamaður:**
Walter Fannar Kristjánsson
**Almannavarnir Árnessýslu**
**Aðalmaður:**
Hulda Kristjánsdóttir
**Varamaður:**
Árni Eiríksson
**Fulltrúi á aðalfund sveitarfélaga á köldum svæðum**
**Aðalmaður:**
Hulda Kristjánsdóttir
**Varamaður:**
Árni Eiríksson
**Fulltrúi á aðalfund Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga**
**Aðalmaður:**
Hulda Kristjánsdóttir
**Varamaður:**
Árni Eiríksson
**Fulltrúi á aðalfund Samtaka orkusveitarfélaga**
**Aðalmaður:**
Árni Eiríksson
**Varamaður**
Walter Fannar Kristjánsson
**Fulltrúar á aðalfund SASS og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands**
**Aðalmaður:**
Árni Eiríksson
Walter Fannar Kristjánsson
Sigurjón Andrésson
**Varamenn:**
Sigrún Hrefna Arnardóttir
Haraldur Einarsson
Harpa Magnúsdóttir
**Fulltrúar á aðalfund Bergrisans**
Árni Eiríksson
Hulda Kristjánsdóttir
Harpa Magnúsdóttir

**Varamaður:**
Walter Fannar Kristjánsson
Sigrún Hrefna Arnardóttir
Sigurjón Andrésson
**Fulltrúi á aðalfund Sorpstöðvar Suðurlands**
**Aðalmaður:**
Árni Eiríksson
**Varamaður:**
Walter Fannar Kristjánsson
**Fulltrúi á aðalfund Eignarhaldsfélags Suðurlands**
**Aðalmaður:**
Hulda Kristjánsdóttir
**Varamaður:**
Árni Eiríksson
**Stjórn Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita**
**Aðalmaður:**
Walter Fannar Kristjánsson
**Varamaður:**
Árni Eiríksson
**Skipulagsnefnd Uppsveita**
**Aðalmaður:**
Walter Fannar Kristjánsson
**Varamaður:**
Árni Eiríksson
**Heilsueflandi samfélag – vinnuhópur, tilnefning Flóahrepps**
**Aðalmaður:**
Bryndís Eva Óskarsdóttir
**Varamaður:**
Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir
**Fulltrúi í Öldungaráð Uppsveita og Flóa**
Afgreiðslu frestað
**Ungmennaráð Flóahrepps**
Afgreiðslu frestað
**Svæðisskipulag Suðurhálendis - vinnuhópur**
Afgreiðslu frestað
**Sveitarstjórn Flóahrepps fer með málefni Húsnæðisnefndar og Jafnréttisnefndar**
Ofangreind nefndarskipan borin undir atkvæði og samþykkt með 5 atkvæðum.

9. **Laun fyrir stjórnar og nefndarsetu 2022 – 2026**

Lögð fram tillaga um að laun sveitarstjórnar og nefnda verði sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Sveitarstjórn | 133.816 kr. pr. mánuð óháð fjölda sveitarstjórarfunda |
| Heilsdagsfundir utan sveitar | 36.801 kr. pr. fund |
| Hálfsdagsfundir utan sveitar | 19.798 kr. pr. fund |
| Varamaður í sveitarstjórn fær | 66.908 kr. pr setinn fund |

Akstur verður greiddur samkvæmt akstursdagbók samkvæmt taxta RSK hverju sinni.

| | |
|---|---|
| Fræðslunefnd formaður | 39.594 kr. pr. fund |
| Fræðslunefnd | 26.396 kr. pr. fund |
| Fræðslunefnd áheyrarfulltrúi | 13.805 kr. pr. fund |

Akstur verður greiddur samkvæmt akstursdagbók samkvæmt taxta RSK hverju sinni.

| | |
|---|---|
| Allar aðrar nefndir formaður | 32.996 kr. pr. fund |
| Allar aðrar nefndir | 19.798 kr. pr. fund |

Akstur verður greiddur samkvæmt akstursdagbók samkvæmt taxta RSK hverju sinni.

Kjörstjórn:
Greiðslur til kjörstjórnar Flóahrepps verða sem hér segir
Laun formanns 31.671kr fyrir hvern fund.
Laun annara fulltrúa 19.798 kr fyrir hvern fund.
Kjörfundur vegna sveitarstjórnakosninga verður metinn sem sex fundir. Kjörfundir vegna alþingiskosninga, þjóðaratkvæðagreiðslu, forsetakosninga ofl. verða metnir sem fimm fundir.
Fulltrúar fá allan akstur vegna starfa sinna fyrir sveitarfélagið greiddan samkvæmt akstursdagbók, æskilegt er að þeir samnýti ferðir eins og kostur er.
Varamenn í kjörstjórn njóta sömu kjara og aðalmenn fyrir þá fundi sem þeir sitja.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

Öll stjórnar- og nefndarlaun taki breytingum 1. nóvember ár hvert samkvæmt breytingum á launavísitölu.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

10. **Sveitarfélagaskólinn – 9 námskeið fyrir nýkjörið sveitarstjórnarfólk, kynning**
Lagt fram til kynningar efni frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um 9 námskeið sem Flóahreppur hefur keypt aðgang að fyrir sveitarstjórnarmenn.
11. **Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga – kjör fulltrúa á Landsþing 2022 – 2026**
Sjá afgreiðslu liðar nr. 8 hér fyrir ofan.
12. **Frá Sambandi sunnlenskra sveitarfélaga – aukaaðalfundur SASS 2022**
Sjá afgreiðslu liðar nr. 8 hér fyrir ofan.
13. **Tilboð í tölvur fyrir sveitarstjórn Flóahrepps**
Lagt fram tilboð frá TRS í tölvur og uppsetningu fyrir sveitarstjórnarmenn dags. 10.03.2022.
Sveitarstjóra falið að leita einnig tilboða hjá eftirtöldum:
Origo, Tölvulistanum, Elko.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
14. **Fundargerð skipulagsnefndar nr. 240, dags. 25.05.2022**
   a) **Syðri-Gróf 1 L166372; Syðri-Gróf Rimi L166419; Stofnun og stækkun lóða - 2205042**
   Lögð er fram umsókn Bjarna Pálssonar um stofnun landeigna. Óskað er eftir að stofna 24.662 fm landeign, Syðri-Gróf 3, úr jörðinni Syðri-Gróf 1 L166372. Jafnframt er óskað eftir að stofna 19.603 fm lóð úr jörðinni í þeim tilgangi að sameina við Syðri-Gróf Rimi L166419 sem stækkar úr 2.500 fm í 22.103 fm. Aðkoma að Syðri-Gróf 3 er eins og sýnd er á uppdrætti.
   *Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun landeigna skv. fyrirliggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið*
   Lögð er fram umsókn Bjarna Pálssonar um stofnun landeigna. Óskað er eftir að stofna 24.662 fm landeign, Syðri-Gróf 3, úr jörðinni Syðri-Gróf 1 L166372. Jafnframt er óskað eftir að stofna 19.603 fm lóð úr jörðinni í þeim tilgangi að sameina við Syðri-Gróf Rimi L166419 sem stækkar úr 2.500 fm í 22.103 fm. Aðkoma að Syðri-Gróf 3 er eins og sýnd er á uppdrætti.
   Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir með 5 atkvæðum stofnun landeigna skv. fyrirliggjandi umsókn.
   b) **Hraungerði L166237; Stækkun lóðar; Deiliskipulagsbreyting - 2202093**
   Lögð er fram umsókn er varðar breytingu á deiliskipulagi að Hraungerði L166237 eftir kynningu. Í breytingunni felst að lóð umhverfis íbúðarhús stækkar úr 2.509 fm í 8.178 fm. Skipulagsskilmálar eru óbreyttir að öðru leyti. Athugasemd barst við kynningu málsins og eru hún lögð fram við afgreiðslu þess.
   *Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að afgreiðslu málsins verði frestað. Skipulagsfulltrúa falið að annast samskipti við málsaðila og Biskupsstofu um úrlausn málsins.*
   Walter Fannar Kristjánsson víkur af fundi við afgreiðslu málsins og Sigrún Hrefna Arnardóttir tekur sæti í hans stað.

Lögð er fram umsókn er varðar breytingu á deiliskipulagi að Hraungerði L166237 eftir kynningu. Í breytingunni felst að lóð umhverfis íbúðarhús stækkar úr 2.509 fm í 8.178 fm. Skipulagsskilmálar eru óbreyttir að öðru leyti. Athugasemd barst við kynningu málsins og eru hún lögð fram við afgreiðslu þess.
Sveitarstjórn Flóahrepps frestar afgreiðslu málsins. Skipulagsfulltrúa falið að annast samskipti við málsaðila og Biskupsstofu um úrlausn málsins.

Bókun samþykkt með 5 atkvæðum.

Walter Fannar Kristjánsson tekur aftur sæti á fundinum.

c) **Gafl lóð (L191194); umsókn um byggingarheimild; sumarbústaður og fjarlægja mhl. 01 sumarbústað og mhl. 02 geymslu**
Fyrir liggur umsókn Baldurs Þ. Halldórssonar með umboð landeiganda, móttekin 12.05.2022 um byggingarheimild að fjarlægja 23 m2 sumarbústað mhl 01, byggingarár 2009 og 3 m2 geymslu mhl 02, byggingarár 2009 og byggja 48,3m2 sumarbústað á sumarbústaðalandinu Gafl lóð (L191894) í Flóahreppi.
*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu. Málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.*
Fyrir liggur umsókn Baldurs Þ. Halldórssonar með umboð landeiganda, móttekin 12.05.2022 um byggingarheimild að fjarlægja 23 m2 sumarbústað mhl 01, byggingarár 2009 og 3 m2 geymslu mhl 02, byggingarár 2009 og byggja 48,3m2 sumarbústað á sumarbústaðalandinu Gafl lóð (L191894) í Flóahreppi.
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu. Málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) **Skyggnir L197781;Skilgreining lóðar; Deiliskipulagsbreyting**
Lögð er fram umsókn frá Helga Eyjólfssyni er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi Skyggnir (landr. 197781) Í Flóahreppi. Breytingin felur í sér að skilgreind er 1,25 ha lóð fyrir byggingarreit BR1. Land Skyggnis minnkar sem því nemur og verður 18,13 ha að stærð. Byggingarreitur er minnkaður til samræmis við lóðarmörk en byggingarheimild innan reits er óbreytt, þ.e. einbýlishús ásamt bílskúr, allt að 250 m2 að stærð.
*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2.mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.*
Lögð er fram umsókn frá Helga Eyjólfssyni er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi Skyggnir (landr. 197781) Í Flóahreppi. Breytingin felur í sér að skilgreind er 1,25 ha lóð fyrir byggingarreit BR1. Land Skyggnis minnkar sem því nemur og verður 18,13 ha að stærð. Byggingarreitur er minnkaður til samræmis við lóðarmörk en byggingarheimild innan reits er óbreytt, þ.e. einbýlishús ásamt bílskúr, allt að 250 m2 að stærð.
Sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkir viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2.mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Samþykkt með 5 atkvæðum

e) **Afgreiðslur byggingarfulltrúa 22 – 164**
Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa 22 – 164 – 2205002F.

**15. Grenjavinnsla í Flóahreppi – 2022 endurnýjun samnings**
Lagður fram samningur Flóahrepps kt. 600606-1310 við Birgi Örn Jónsson kt. 110375-3339 um grenjavinnslu í Flóahreppi sumarið 2022.
Samþykktur með 5 atkvæðum

**16. Frá leikskólastjóra – varðar mönnunarvanda**
Lagt fram erindi frá Söru Guðjóndóttur leikskólastjóra þar sem farið er yfir mögulegar leiðir til þess að auðvelda mönnun í Krakkaborg
Sveitarstjórn Flóahrepps vísar erindinu til úrvinnslu hjá fræðslunefnd.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

**17. Svæðisskipulag Suðurhálendis – kynning á stöðu verkefnis**
Lögð fram gögn til kynningar á vinnu við gerð svæðisskipulags fyrir Suðurhálendið.

**18. Frá Alþingi til umsagnar:**
a) Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda, 592. mál
Lagt fram til kynningar.
b) Frumvarp til laga um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022 – 2036, 563. mál
Lagt fram til kynningar.
c) Frumvarp til laga um skipulagslög( uppbygging innviða) , 573. Mál
Lagt fram til kynningar.

**19. Fundargerðir:**
a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 262, dags. 12.05.2022
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
b) Fræðslunefndar Flóahrepps nr. 135, dags. 10.05.2022
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir skóladagatöl Flóaskóla og Krakkaborgar eins og þau liggja fyrir. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
c) Stjórnar Brunavarna Árnessýslu nr. 20, dags. 19.11.2021
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
d) Stjórnar Brunavarna Árnessýslu nr. 21, dags. 02.02.2022
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
e) Stjórnar Brunavarna Árnessýslu nr. 22, dags. 09.03.2022
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
f) Stjórnar Brunavarna Árnessýslu nr. 23, dags. 29.04.2022
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
g) Stjórnar Brunavarna Árnessýslu nr. 24, dags. 16.05.2022
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
h) Framkvæmdaráðs Almannavarna Árnessýslu, dags. 26.04.2022
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
i) Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands nr. 311, dags. 17.05.2022
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
j) Stjórnar Bergrisa nr. 39, dags. 12.04.2022
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
k) Stjórnar Markaðsstofu Suðurlands nr. 7, dags. 11.04.2022
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
l) Stjórnar Markaðsstofu Suðurlands nr. 8, dags. 05.05.2022
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
m) Aðalfundar Markaðsstofu Suðurlands dags. 05.05.2022
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
n) Stjórnar Markaðsstofu Suðurlands nr. 1. dags. 13.05.2022
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
o) Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 218, dags. 06.05.2022
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**20. Efni til kynningar**
a) Stuðningur við sveitarfélög vegna móttöku barna á flótta frá Úkraínu
b) Ársskýrsla Heilbrigðiseftirlits Suðurlands 2021
c) Ársreikningur Hitaveitu Hraungerðishrepps sf. 2021

d) Orlof húsmæðra– ársreikningur 2021

**21. Fundaáætlun sveitarstjórnar Flóahrepps**

264. fundur 21. júní 2022
265. fundur 5. júlí 2022
266. fundur 9. ágúst 2022

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**22. Trúnaðarmál**

Fært í trúnaðarmálabók.

**23. Önnur mál:**

**Árangur Flóaskóla í skólahreysti.**

Sveitarstjórn Flóahrepps fagnar þeim mikla árangri sem nemendur og starfsmenn Flóaskóla hafa náð í skólahreysti. Flóaskóli var í þriðja sæti vorið 2021 og sigraði keppnina árið 2022. Sveitarstjórn styður þá hugmynd að gert verði ráð fyrir skólahreystibraut í skipulagi skólalóðarinnar og mun leita leiða til þess að fjármagna hana í samráði við nærsamfélagið.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

*Árni Eiríksson (sign)*
*Walter Fannar Kristjánsson (sign)*
*Sigurjón Andrésson (sign)*
*Eydís Þ. Indriðadóttir (sign)*
*Hulda Kristjánsdóttir (sign)*
*Sigrún Hrefna Arnardóttir (sign)*
*Harpa Magnúsdóttir (sign)*